



Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2024/2025

Fundur haldinn að Jaðri 10. desember 2025 kl. 20:00

Bjarni Þórhallsson, formaður, setti fundinn og bauð félagsmenn og aðra velkomna. Bjarni tilnefndi fundarstjóra og ritara sem voru samþykktir einróma með lófaklappi. Fundarstjóri var því kosinn Jón Steindór Árnason og fundarritari Skúli Eyjólfsen. Bjarni gaf því Jóni Steindóri orðið sem þakkaði traustið, hann staðfesti að fundurinn hafi verið boðaður með viku fyrirvara og telst því löglegur skv. lögum klúbbsins.

Dagskrá aðalfundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9. grein.
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein.
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári

Jón Steindór gaf Bjarna formanni GA orðið þar sem Bjarni fór yfir skýrslu stjórnar. Bjarni byrjaði á að minnst látna félaga. Bjarni byrjaði á því að ræða 90 ára afmæli Golfklúbbs Akureyrar og þakkaði hann formanni GSÍ fyrir að sjá sér kleift að taka þátt í afmæli GA í sumar. Hann þakkaði samstarfsfólki í stjórn GA og þá sérstaklega framkvæmdarstjóra GA, Steindóri fyrir gott samstarf. Hann þakkaði einnig sjálfboðaliðum kærlega fyrir þeirra framlag til klúbbsins.

Bjarni fór yfir spil á Jaðarsvelli sem aukist hefur töluvert síðustu ár, einnig nefndi hann að GA heldur tvö af fimm fjölmennustu golfmótum landsins. Hann þakkaði fyrir alla sem hafa komið að byggingu æfingahúsnæðis GA sem tekið var í notkun á árinu.

Bjarni fór yfir fjölgun í félaginu og hefur trú á því að það verði áframhaldandi fjölgun, hann ræddi það að mikilvægt væri að huga að því hvernig rástímabókunum yrði háttað næsta sumar og í framtíðinni til að koma sem flestum að á álagstímum.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykkis

Steindór fór yfir rekstur GA þar sem ársreikningurinn var lagður fram til samþykkis. Rekstrartekjur GA voru 355 milljónir samanborið við 265 milljónir árið áður. Rekstrargjöld fyrir rekstrarárið voru 303 milljónir en 243 milljónir árið áður. Rekstrarhagnaður var 52,4 milljónir samanborið við 21,6 milljónir í fyrra. Hagnaður rekstrarársins eftir fjármagnsliði var 34,9 milljónir en árið áður endaði rekstrarárið í rúmunum 18,7 milljóna kr. hagnaði.

Helstu tekjuliðir sem hafa breyst á milli ára eru eftirfarandi:

- Árgjöld eru mikið upp eða um 23 m.kr.
- Golfverslun er upp um 20 m.kr.
- aðrar tekjur eru töluvert upp en þar eru golfhermar og klappir upp um tæpar 27 m. kr.

- Vallargjöld eru upp um 6 m.kr
- Samkeppnisrekstur er aðeins niður eða aðrir liðir á svipuðu róli.

Í gjaldahliðinni eru þessar helstu breytingar:

- Laun eru upp um 29 m. kr.
- Golfverslun /vörunotkun er upp um tæpar 15 m.kr.
- Stjórnun og afgreiðsla eru upp um 4 m.kr.
- Rekstur mannvirkja er örlítið upp eða um 3 m.kr.

3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9. grein.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að spyrja um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga.

Karl Guðmundsson fékk orðið og haldi framkvæmdarstjóra og stjórn fyrir góðan rekstur. Hann nefndi að framkvæmdir hafa gengið vel og umhirða vallar væri góð sem væri að skila sér í tekjum. Hann ræddi um skuldir félagsins og velti fyrir sér hvernig klúbburinn ætlaði að greiða skuldir sínar. Hann taldi nettó skuldastöðu um 150 m.kr. og nefndi að það ætti eftir að nota fjármuni í að klára framkvæmdirnar. Hann telur þó að klúbburinn getur greitt skuldir sínar á næstu 6-8 árum ef klúbburinn fer ekki í frekari stærri framkvæmdir og hefur trú á klúbbum.

Spurning kom frá fundargestum hvort það væri búið að forgangsraða framkvæmdum. Bjarni formaður kom upp og sagði frá „óskalista“ GA um framkvæmdir á næstu árum. Listi sem búið er að forgangsraða og leggja verðmat á.

Gestur Geirsson kom upp og spurði um einn lið úr ársreikning sem varðar gjald til GSÍ, spurði hvort það væri eðlilegt að greitt sé til GSÍ.

Jón Steindór svaraði því og sagði að hluti af greiðslu til GSÍ væri til að reka Golfsambandið, móthald á vegum GSÍ, landslið og upplýsingatæknikerfi GSÍ. GA fær aðgang að Golfbox í gegnum þetta gjald.

Reikningar voru því næst samþykktir samhljóða af fundargestum.

4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.

Kosning stjórnar og varamanna í stjórn. Eftirfarandi aðila voru í framboði en kosið var um alla sem ekki voru að fara á seinna ár.

Aðalstjórn:

Bjarni Þórhallsson – formaður	eitt ár
Jón Steindór Árnason – varaformaður	fyrri ár
Skúli Eyjólfsson – ritari	fyrri ár
Guðlaug María Óskarsdóttir – gjaldkeri	seinna ár
Eygló Birgisdóttir – meðstjórnandi	seinna ár

Varamenn í stjórn:

Finnur Bessi Sigurðsson	eitt ár
Vigfús Ingi Hauksson	eitt ár

Engin mótframboð komu í aðalstjórn né í varamenn í stjórn. Stjórn GA var samþykkt samhljóða.

5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein.

Kosið var í nefndir GA, tilnefningin er eftirfarandi:

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Steindór Árnason
Tryggvi Gunnarsson
Heimir Jóhannsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Arnar Árnason

Kappleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson
Óskar Jensson
Magnús Finnsson

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

Aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Stefán Jónsson
Eiður Stefánsson

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður: Tryggvi Jóhannsson
Jón Heiðar Sigurðsson

Uppstillingin var samþykkt.

6. Kosnir tveir endurskoðendur.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir rekstrarárið 2025-2026:

- Sveinn Pálsson
- John Júlíus Caraglia

Tillaga var samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein.

Fundarstjóri fór yfir árgjaldatillögu stjórnar GA. Samhliða því birti það sem innifalið er í árgjaldi í GA. Hann fór yfir samanburð á árgjaldi GA við aðra sambærilega klúbba sem og hvernig hlutfall árgjald GA er af heildartekjum klúbbsins í samanburði við aðra sambærilega klúbba. Einnig var sýndur samanburður á fjölda meðlima GA við klúbba sem GA ber sig saman við, sem eru stærstu golfklúbbar landsins.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

Tillaga árgjalda 2026				
		7%		
	2024	2025	2026	
27-66 ára	145.000 kr	155.000 kr	164.000 kr	5,8%
67-69 ára*	118.000 kr	126.000 kr	144.000 kr	14,3%
70 ára og eldri			133.500 kr	5.8%
19-26 ára	76.000 kr	81.500 kr	87.000 kr	6,6%
15-18 ára	63.000 kr	67.500 kr	72.000 kr	6,6%
11-14 ára	47.000 kr	50.000 kr	54.000 kr	8,0%
10 ára og yngri	42.000 kr	45.000 kr	49.000 kr	8,9%
*2027 fari flokkur 67+ í 70+ flokk				

Árgjöldin voru samþykkt samhljóða.

8. Lagabreytingar

Eftirfarandi breytingatillögur voru lagðar til en stjórn GA leggur til breytingarnar til þess að geta komist á almannaheillaskrá. Það hefur í för með sér ýmis skattahagræði og annað sem telst til bóta fyrir GA.

- 1. grein
- Félagið heitir Golfklúbbur Akureyrar. Heimilisfang klúbbsins er að Jaðri, Akureyri. Klúbburinn er aðili að Íþróttabandalagi Akureyrar (IBA) og Golfsambandi Íslands (G.S.Í.). Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfiþróttinni. Klúbburinn rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annari félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni.
- Tillaga:
- 1. grein
- Félagið heitir Golfklúbbur Akureyrar. Heimilisfang klúbbsins er að Jaðri, Akureyri. Klúbburinn er aðili að Íþróttabandalagi Akureyrar (IBA) og Golfsambandi Íslands (GSÍ). Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfiþróttinni. Klúbburinn rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annari félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. **Félagið er óhagnaðardrifið, tekjum og eftir atvikum hagnaði er einungis varið til rekstrar félagsins sjálfs, féluginu og starfsins sjálfs til bóta og framfara. Félagið telst til æskulýðsstarfsemi ásamt því að stuðla að almennri lýðheilsu.**

- 3. grein
- Um inngöngu í klúbbinn skal sækja skriflega. Skilyrði til inntöku í klúbbinn er að umsækjandi hafi fengið leiðsögn kennara eða fullgilds klúbbfélaga og hafi sótt námskeið eða fyrirlestur um siðareglur, leikreglur og aðrar þær reglur er félagar lúta. Um félagsaðild og þátttöku félagsmanna á golfmótum skal farið að lögum og reglum Íþróttasambands Íslands (ÍSí) og GSI.
-
- Tillaga:
- 3. grein
- ~~Um inngöngu í klúbbinn skal sækja skriflega. Skilyrði til inntöku í klúbbinn er að umsækjandi hafi fengið leiðsögn kennara eða fullgilds klúbbfélaga og hafi sótt námskeið eða fyrirlestur um siðareglur, leikreglur og aðrar þær reglur er félagar lúta.~~ **Til að gerast meðlimur í félaginu þarf að fylla út umsókn á skrifstofu félagsins eða rafrænt á heimasíðu. Öllum er frjálst að sækja um aðild í félagið.** Um félagsaðild og þátttöku félagsmanna á golfmótum skal farið að lögum og reglum Íþróttasambands Íslands (ÍSí) og GSI.
- 5. grein
- Árgjald skal greitt eða frá greiðslu gengið fyrir 1.mars ár hvert. Stjórn GA ákveður gjalddaga árgjalds. Þeir sem ekki hafa greitt árgjald eða samið um greiðslu þess fyrir 1. maí hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni fyrir en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Úrsögn er bundin við áramót, enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desembermánaðar. Eftir umsókn félagsmanns, og ef um er að ræða sérstakar aðstæður hans, er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjalda.
- Tillaga:
- 5. grein
- Árgjald skal greitt eða frá greiðslu gengið fyrir 1.mars ár hvert. Stjórn GA ákveður gjalddaga árgjalds. Þeir sem ekki hafa greitt árgjald eða samið um greiðslu þess fyrir ~~1. maí~~ 1.apríl hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni fyrir en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. **verða því teknir af félagaskrá og geta átt í hættu á að lenda á biðlista við endurskráningu í félagið, komi til þess.** Úrsögn er bundin við áramót, enda berist hún skriflega til ~~ritara~~ **skrifstofu félagsins** fyrir lok desembermánaðar. Eftir umsókn félagsmanns, og ef um er að ræða sérstakar aðstæður hans, er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjalda.
- 13. grein
- Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til að þær ákvarðanir teljist lögmætar þurfa 2/3 hlutar félaga að vera á fundi og 2/3 þeirra að samþykka tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar innan þriggja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann, löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku verði þá ekki náð.
- Tillaga:
- 13. grein
- Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til að þær ákvarðanir teljist lögmætar þurfa 2/3 hlutar félaga að vera á fundi og 2/3 þeirra að samþykka tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar innan þriggja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann, löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku verði þá ekki náð. **Komi til að félagið hætti störfum, skal fjármunum þess og eigum varið í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi. Stjórn Íþróttabandalags Akureyrar (IBA) tæki ákvörðun um ráðstöfun fjármuna og eigna félagsins, þó ekki fyrir en ári eftir að félagið hætti starfi.**

Örlítil umræða fór fram, spurt var hvort GA hafi sótt áður um, sem var gert fyrir um ári síðan. Þessar breytingar voru því lagðar til eftir athugasemdum sem GA fékk við synjuninni frá fyrri umsókn. Lagabreytingarnar voru samþykktar samhljóða.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf Steindóri, framkvæmdarstjóra orðið þar sem hann fór yfir rekstraráætlun fyrir næstkomandi starfsár þar sem gert er ráð fyrir áætluðum tekjum kr. 399.500.000. Gert er ráð fyrir því að rekstrargjöld verði 339.100.000 kr og því er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði 35.400.000 kr. EBITDA upp á 91.400.000 kr.

Spurt var um leikhraða og vallareftirlit. Hver stefnan hjá GA er varðandi kennslu og fræðslu nýliða. Steindór og Jón Steindór svöruðu því að GSÍ væri að hefja undirbúning fyrir framleiðslu kennslumyndbanda sem fólk gæti horft á í tölvu eða síma í gegnum heimasíðu eða samfélagsmiðla. Ekki hafi gengið vel að halda nýliðakvöld þar sem mætingin hafi ekki verið nógu góð.

Spurt var um innskráningu eða staðfestingu kylfinga við mætingu á rástíma, hvort það væri prufukeysla og hvort það væri komið til að vera. Jón Heiðar, skrifstofustjóri GA stóð upp og svaraði því að sl. sumar hafi verið prufukeysla á þessu fyrirkomulagi og haldið yrði áfram með það næsta sumar.

Spurt var um rástímaskráningu, hvort ætti að fara leiðir sem aðrir klúbbar hafa farið sem eru þó mismunandi en það á eftir að skoða það frekar og greina. Mögulega yrði tekið upp það sem best hafi gengið hjá öðrum.

Því næst var farið í viðurkenningar og orðuveitingar, voru þær eftirfarandi:

- Afreksmerki GA 2025 – Lilja Maren Jónsdóttir, Klúbbmeistari GA í kvennaflokk.
- Afreksmerki GA 2025 – Íslandsmeistarar golfklúbba 15-16 ára drengja
 - Arnar Freyr Viðarsson
 - Ágúst Már Þorvaldsson
 - Egill Örn Jónsson
 - Finnur Bessi Finnsson
 - Patrekur Máni Ævarsson
- Veigar Heiðarsson – karlkylfingur GA og kylfingur ársins hjá GA
- Andrea Ýr Ásmundsdóttir – kvenkylfingur GA
- Arnar Freyr Viðarsson – háttvísibikar GA

Silfurmerki GA:

- Björn Axelsson
- Sverrir Þorvaldsson
- Ólafur Auðunn Gylfason
- Finnur Helgason
- Jón Thorarensen
- Tryggvi Jóhannsson
- Baldur Ingi Karlsson
- Benedikt Guðni Gunnarsson
- Árni Árnason

Gullmerki GA:

- Karl Haraldur Bjarnason
- Halla Sif Svavarsdóttir
- Sigmundur Einar Ófeigsson
- Heimir Finnsson
- Viðar Þorleifsson

Jón Steindór kom því upp og fór í gegnum samskipti GA við Skattinn sem staðið hafa yfir undanfarna mánuði og snúast í aðalatriðum um skilgreiningu á því hvaða hlutar starfseminnar falla undir virðisaukaskattskylda starfsemi. Fram kom að mál sem þetta séu félaginu afar krefjandi þar sem það lendi í stórum dráttum á sjálfbærðunum í stjórn að vinna að svörum, enda beri þeir endanlega ábyrgð skv. leiðbeiningum RSK til íþróttafélaga. Þetta er farið að hafa þær afleiðingar að eftirspurn ef því að

starfa sem sjálfboðaliði í stjórn fer minnkandi og að í því sambandi hafi engin ný framboð borist til stjórnarstarfa í félaginu fyrir aðalfundinn.

Steindór steig í pontu og þakkaði fundargestum innilega fyrir komuna. Hann lýsti ánægju með árangur GA og færði félögum þakkir fyrir gott gengi. Að lokum þakkaði hann stjórninni fyrir þeirra framlag og sjálfboðaliðum sérstaklega fyrir ómetanlega vinnu.

Jón Steindór kom svo upp og þakkaði fyrir sig og gaf Bjarna, formanni því lokaorðið. Bjarni þakkaði traustið, traustið til stjórnar GA sem verður óbreytt, hann þakkaði fundargestum fyrir komuna og þar með sleit hann fundinum á slaginu 22:00.

Undirritunarsíða

Sigurður Skúli Eyjólfsson

Jón Steindór Árnason